

Fundargerð

Fundarefni:	Sameiginlegur stjórnarfundur fráfarandi og viðtakandi stjórnar foreldrafélags Álfhólsskóla, haldinn í Digranesi. 15. fundur fráfarandi stjórnar og 1. fundur nýrrar stjórnar.
Dags.:	20. maí 2014
Fundarmenn:	Guðni Björnsson, Erlingur Snær Erlingsson, Hörður Sigurðsson, Hólmfríður Einarsdóttir, Íris Lena Leósdóttir, Karl Einarsson og Selma Guðmundsdóttir
Fjarverandi:	Anna María Bjarnadóttir, Ása Sæunn Eiríksdóttir, Brynhildur Grímsdóttir, Berglind Svavarsdóttir, Kristín J Rögnvaldsdóttir, Kristín Stefánsdóttir, Ólafur Guðlaugsson, Sigurður Grétarsson, Stanislaw Bukowski
Ritað af:	Íris Lena Leósdóttir

1. Fundur settur.

Guðni setti fundinn kl. 18.10

2. Fundargerð aðalfundar

Ekki lögð fyrir að sinni.

3. Skipting í embætti

Formaður: Guðni Björnsson

Varaformaður: Kristín Stefánsdóttir

Gjaldkeri: Karl Einarsson

Ritari: Íris Lena Leósdóttir

Meðstjórnendur: Erlingur Snær Erlingsson, Hólmfríður Einarsdóttir og Sigurður Grétarsson

Varamenn í stjórn: Kristín J Rögnvaldsdóttir, Ólafur Guðlaugsson og Stanislaw Bukowski

4. Verkefni vorsins

- Vorskólinn. Börn sem byrja í 1. bekk í ágúst mæta á kynningarfund í Álfhólsskóla 22. maí ásamt foreldrum sínum. Formaður foreldrafélagsins mun einnig mæta og kynna starf félagsins í stuttu máli og dreifa kynningarbæklingi.
- Vorhátíð. Skipulagning er í höndum skólastjórnar og er allt í góðum farvegi þar.
- Kynningarbæklingur. Guðni sýndi kynningarbækling foreldrafélagsins sem er í vinnslu.
- Nýjir bekkjarfulltrúar. Vinna þarf að því að bekkjarfulltrúar fyrir næsta vetur verði kosnir fljótlega og verður farið betur yfir þau mál á næsta fundi.

5. Fjárhagsáætlun 2014 - 2015

Fjárhagsáætlun lífur vel út. Samþykkt að hækka gjald fyrir foreldraleikfimina í 12.000 kr. Fyrir önnina. Einnig samþykkt að hækka tímakaup leikfimikennara sem hefur verið óbreytt í mörg ár.

6. Önnur mál

- Rætt um notkun Facebook fyrir foreldrafélagið og foreldrasamfélagið. Ákveðið að foreldrafélagið skrái sig á Facebook með tvo hópa, annars vegar lokaðan hóp stjórnar til að halda utan um samskipti, fundargerðir, hugmyndir og slíkt. Hins vegar að stofna síðu fyrir alla foreldra barna í Álfhólsskóla til að auðvelda og auka samskipti og umræðu um skólann og starf foreldrafélagsins.
- Rætt um foreldraröltið og hugmyndir um hvernig virkja megi betur foreldra og koma þarf skráningu á rafrænt form.
- Næsti fundur boðaður eftir viku, Guðni sendir fundarboð.

7. Fundi slitið

Guðni sleit fundi kl. 20.30